

## Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

6. fundur, 29. september 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15.00 - 17.00

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Sigurður Skúli Bergsson, Guðmundur Ómar Þráinsson, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir, Helga Jónsdóttir og Stefán Eiríksson.

Formaður kynnti frumdrög að áfangaskýrslu og fól Unni og Sigurbergi að fara yfir þau lið fyrir lið. Ýmsar umræður spunnust um hvern lið og kom eftirfarandi fram:

Gísli upplýsti að út væri komin í íslenski þýðingu, handbók um hafnarvernd og hana væri að finna á heimasíðu Siglingastofnunar. Bókin er nú til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og mun verða gefin út í endanlegri útgáfu eftir 2 – 3 vikur. Fundarmenn voru sammála um að stórt skref væri stigið og þakkaði formaður hafnahópnum snör handtök og gott starf.

Umræður spunnust um hlutverk IMO, hvort t.d. þyrfti að tilkynna þangað hækkingu og lækkun vástigs. Ólafur og Ari efuðust stórlega um það og var þeim falið að kanna það nánar.

Nokkuð var rætt um afmörkun og skilgreiningu á hlutverkum aðila, t.d. á Siglingastofnun eða lögreglan að annast áhættumat í höfnum? Hver er designated authority? ofl.

Helga benti á að umfjöllun um íslenskar hafnir vanti í skýrsludrögin. Hún sagðist sakna þess að fjallað væri um hugsanlegan fjölda hafna sem uppfylla þyrftu reglurnar og áætlaðan kostnað og hvar hann lenti.

Sigurbergur tók undir þetta og kallaði eftir verkáætlun um framhaldið frá meðlimum hópsins. Hann benti á að ekkert myndi miða nema menn legðu niður fyrir sig næstu skref og að áætlunin næði til loka verkefnisins.

Ari benti á að áhættumat væri upphaf og endir alls annars, þ.e. með áhættumati fæst vástig, unnt að útbúa verndaráætlun o.s.frv.

Stefán kom með þá tillögu að byrjað yrði á einni höfn og hún meðhöndluð samkvæmt handbókinni og hún síðan notuð sem módel fyrir aðrar hafnir. Unnur tók undir þessa tillögu og sagði að með því myndu fást allar upplýsingar sem aðrar hafnir gætu byggt ákvörðun á um hvort þær teldu sig hafa hag af að uppfylla reglurnar, kostnaðarliðir myndu skýrast og þar með hvar þeir hugsanlega lentu og í þessari vinnu myndi hægt að skilgreina hlutverk hvers og eins, eða a.m.k. gæti hópurinn komið með tillögur í þeim efnum.

Sigurður Skúli benti aðspurður á að tollurinn hefði ekkert hlutverk samkvæmt ISPS kóðanum en aftur á móti mjög stórt samkvæmt gámaáætlun U.S.A. (CSI) Sigurbergur taldi rétt að skoða betur hvar tollurinn, S.Í. ofl. gætu haft samstarf til hagræðingar.

Niðurstaða fundarins:

- 1) Áætlun um framhald verkefnisins sem nær til verkloka verði send til samgönguráðuneytis frá hverjum aðila fyrir sig.
- 2) Samgönguráðuneytið stillir upp nýjum, betri og samræmdari drögum að áfangaskýrslu þar sem fram koma tillögur að lausnum og leiðum til úrlausnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð

Ákveðið að hafa næsta fund á sama stað, 13. október n. k.